

Hámarkshraði ökutækja, annarra en bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 80 km á klst.

Hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, skal vera 60 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast gildi 26. júní 1966.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á þjóðvegum um Selfoss.

Hámarkshraði á Suðurlandsvegi frá ristarhliði vestan við Selfoss að vegamótum við Gaulverjabæjarveg (sbr. lið II. B. í auglýsingu nr. 124/1960) skal vera 45 km. á klst.

Hámarkshraði á Eyrarbakkaavegi frá vegamótum við Suðurlandsveg að vegamótum við ræktunarveg sunnan við Selfoss (sbr. lið III. B. í auglýsingu nr. 124/1960) skal vera 45 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, sbr. 7. gr. laga nr. 62 13. maí 1966, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd í Hafnarkauptúni í Hornafirði.

1. gr.

Í Hafnarkauptúni í Hornafirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannafæri eftir kl. 21.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða öðrum forráðamönnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga undir umsjón foreldra eða fulltrúa þeirra.

Óheimilt er þeim og á sama tímabili aðgangur að kvöldsýningum kvikmyndahúsa og öðrum skemmtunum, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

Foreldrum og forráðamönnum barna og unglunga ber að sjá um, að ákvæði þessu sé hlýtt.

2. gr.

Unglingum innan 15 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1.

október til 1. maí, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna, en annan tíma ársins sé miðað við fermingaraldur.

Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái ekki óheimilan aðgang.

3. gr.

Unglingum innan 15 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglिंगarnir eru meðlimir í, svo og dansleikjum skólafélaga. En annan tíma ársins sé miðað við fermingaraldur.



4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. júní 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um barnavernd á Flateyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar á Flateyri er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannafæri eftir kl. 20.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl og eftir kl. 22.00 frá 1. apríl til 1. október, nema í fylgd forráðamanna eða fullorðinna, er falin hefur verið umsjón þeirra. Börnum á aldrinum 12 til 14 ára er óheimilt að vera á almannafæri eftir kl. 22.00 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október, til 1. maí og eftir kl. 23.00 á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd forráðamanna sinna eða foreldra. Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að viðlagðri ábyrgð að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Börnum og unglिंगum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

3. gr.

Börnum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að öldrykkju og knattborðstöðum. Þeim er einnig bannaður aðgangur að almennum dansstöðum, kaffistöðum og kvöldsölum eftir kl. 21.00, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

4. gr.

Ekki má leyfa unglिंगum innan 14 ára aldurs aðgang að kvikmyndasýningum öðrum en barnasýningum, nema leyfi barnaverndarnefndar komi til, eða í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.